



Náttúruverndarsamtök Íslands

Iceland Nature Conservation Association

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Reykjavík 28. apríl 2008

Athugasemdir Náttúruverndarsamtaka Íslands við tillögu að matskýrslu vegna Hverfisfljótsvirkjunnar, allt að 15 MW virkjun í Hverfisfljóti við Hnútu í Skaftárhreppi

Í töflu 6.1 tillögu að matsáætlun koma fram viðbrögð framkvæmdaaðila við athugasemd Umhverfisstofnunnar að meta skuli áhrif framkvæmdanna á ferðaþjónustu á svæðinu, en þau eru:

Framkvæmdaraðili hefur ekki í fórum sínum upplýsingar um ágang ferðamanna um landareign sína á þessu svæði. Ekki er talið að virkjun á þessum stað komi í veg fyrir að þeir sem kjósi að ganga upp með ánni geri það áfram.

Ferðaþjónustufyrirtæki hafa um margra ára skeið boðið upp á gönguferðir fyrir ferðamenn niður með Hverfisfljóti þar sem Lambhagafossa eru helsta aðdráttaraflíð og einn mikilfenglegasti hluti gönguferðar um víðerni Eldhrauns.

Náttúruverndarsamtök Íslands telja brýnt að í frummatsskýrslu verði að gerð ítarleg grein fyrir áhrifum framkvæmdanna á hagsmuni ferðaþjónustunnar og útivistarfólks.

1. Metið verði tjón ferðaþjónustuaðila af fyrirhuguðum framkvæmdum.
2. Gagnvart möguleikum þróunnar ferðaþjónustu á svæðinu til framtíðar, sbr. athugasemdir Umhverfisstofnunnar í töflu 6.1.


Náttúruverndarsamtök benda á eftirfarandi atriði í tillögu að matsskýrslu:

1. Samkvæmt lýsingu á framkvæmdum er gert ráð fyrir litlum skurði út úr aðrensliskurði við inntak virkjunarinnar til að skola út auri. Líkt og kunnugt er ber Hverfisfljót fram gríðarlegan aur í sumarvöxtum. Við mat á umhverfisáhrifum

verður að gera grein fyrir hvað verði um þennan aur? Hvaða hættu er á sandfoki af uppsöfnuðum aur?

2. Hvar er ætlað að gera steypuefnisnámur? Það kemur ekki skýrt fram í tillögunni.
3. Mynd 2.6 gefur að ekki rétta mynd af slóðum sem lagðir verða á virkjanssvæðunum. Vætanlega verður þörf á aðgengi að stöðvarhúsi, aðrennslisskurði, inntaki og yfirfallsstíflu allan ársins hring og því verður þörf á uppbyggðum heilsársvegum en ekki bara ýtuslóðum. Gera verður grein fyrir nauðsynlegum vegalögnum.

F.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands,



Árni Finnsson.